

Nefndasvið Alþingis
b.t. iðnaðarnefndar, Sigrúnar Brynju
Austurstræti 8-10

Tilv. yðar

Tilv. vor 98.11

Dags. 09.04.2002

150 REYKJAVÍK


Varðar: **Umsögn LV um frumvarp til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar, 640. mál, heildarlög**

Landsvirkjun hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um niðurgreiðslur til húshitunar, sem lagt var fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi og fer sú umsögn hér á eftir.

Frumvarpið fjallar að mestu um úthlutun fjárveitinga á fjárlögum til þessa málaflokks og leggur Landsvirkjun því ekki á herðar neinar sérstakar skuldbindingar. Þá er til bóta að frumvarpið gerir ráð fyrir því að samkeppnisstaða raforku til húshitunar gagnvart olíu batni, þar sem kyntar hitaveitur geta nú gert tilkall til niðurgreiðslna til húshitunar.

Samkvæmt frumvarpinu geta nýjar hitaveitur fengið styrk, sem komi í stað niðurgreiðslna á raforku til húshitunar í ákveðinn árafjölda. Hafa ber í huga að nýjar hitaveitur geta þannig haft í för með sér að flutnings- og dreifikerfi raforku nýtist ekki eins og að var stefnt. Við það kann flutnings- og dreifingarkostnaður rafmagns til annarra notenda hugsanlega að hækka eða kalla á frekari niðurgreiðslur. Æskilegt væri að fram kæmi í frumvarpinu hvernig á slíkum málum yrði tekið.

Virðingarfyllst



Friðrik Sophusson
forstjóri